



Hlustið á viðtalið
á hlaðvarpi
Læknablaðsins

Kórónuveiran gæti haft varanleg áhrif á læknanámið

Kórónufaraldurinn hefur haft mikil áhrif á nám við læknadeildina. Aðlögunin hefur verið flókin en ljóst að ýmsar tækninýjungar eru komnar til að vera. Þetta segja þau Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir kennslustjóri og Engilbert Sigurðsson forseti læknadeildar Háskóla Íslands.



■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

Klínískum námstækifærum nema við læknadeild Háskóla Íslands hefur fækkað nú í kórónuveirufaraldrinum. Nemarnir hafa hins vegar fengið meiri tími til að lesa námsefnið

„Þessi faraldur hefur varanleg áhrif á okkur öll,“ segir Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir kennslustjóri og bætir við: „Hann mun hafa varanleg áhrif á þau sem útskrifast sem læknar næstu árin. Áhrifin verða meiri á þau sem manneskjur og frekar þannig að þau búi yfir ákveðinni þekkingu heldur en að hann hafi áhrif á framtíðarmöguleika þeirra til starfa eða menntunar,“ segir hún.

„Ég tel ekki að við séum að fara að útskrifa lakari lækna þó að við aðlögun námið tímabundið að þessum breytta veruleika.“

Læknarnemarnir mikilvægir

Engilbert Sigurðsson deildarforseti segir breytingar kennsluhátta miklar þaræð kennsla sé nú rafræn í mun meira mæli en áður. „En að hve miklu leyti þeir eru komnir til að vera er erfitt að vita,“ segir hann og er sáttur við þær breytingar sem gerðar hafi verið á náminu. Víða hafi læknaskólar dregið meira úr kennslu en

hér hafi verið gert og klínískt nám lagst alveg af frá og með marsmánuði í sumum skólum.

„Hæpið hefði verið að fara þá leið vegna þess að við reiðum okkur mikið á þetta unga fólk sem vinnuafli hér á landi, strax eftir fjórða ár.“ Hefðu læknarnemar á seinni stigum námsins þurft að vinna upp verknám í sumar hefði ákveðin starfsemi í heilbrigðiskerfinu verið í uppnámi.

„Við töldum því einu færur og skástu leiðina í stöðunni að vinna með samkomubanninu, tveimur metrunum, og sóttvarnaviðmiðum. Ég tel að það hafi tekist furðu vel. Svo hjálpar að nútímatækni er orðin mjög góð til að leysa flest mál,“ segir Engilbert.

Þórdís bendir þó á að óvissuþættir fylgi kórónutímanum. Námið hafi því truflast hjá mörgum vegna skorts á aðstöðu. „Það er ákveðin hætta á einangrun og kvíða. Svo eru sumir nemendur með fjölskyldu og ekki góða aðstöðu til að stunda námið heima við,“ segir hún.

„Við eigum því eftir að sjá uppskeruna og bera saman hvort það verði hærra hlutfall sem fellur. En ég á ekki von á því,“ segir hún. „Ég hef trú á því að fólk nái að tileinka sér þá þekkingu sem þarf og geti haldið áfram.“

Aðkallandi breytingar

Þórdís telur að ástandið hafi opnað augu kennara og nemenda fyrir nýjum kennsluháttum og að þau haldi áfram að nýta sér möguleika á fjarkennslu og upp-töku sem bjóðast.

„Við höfum séð á undanföllum árum að nemendur sækja síður fyrirlestra en það gerði. Ungt fólk vill læra á sínum forsendum. Það vill kannski vera heima hjá sér og læra á nóttunni. Það vill afla sér upplýsinga frá öðrum miðlum en frá kennaranum. Þetta er eitthvað sem við erum meðvituð um og höfum horft til. Það verður ennþá augljósara þegar staðan er svona,“ segir Þórdís.

„Þetta ástand mun hins vegar ekki bylta neinu einn, tveir og þrír. Það verða einhverjir sem fara glaðir aftur til baka í gömlu glærurnar sínar og sömu kennsluhættina. Þeir virka og ekki vert að taka upp eitthvað nýtt bara af því að það er nýtt, en ég tel sérstaklega hvað varðar próf og uppsetningu þeirra og úrvinnsluna, þá er rafrænt prófakerfi eitthvað sem er komið til að vera,“ segir hún.

Engilbert segir að kórónutíminn muni opna á hvort hægt sé að kenna kjarnagreinarnar á netinu og jafnvel frá erlend-



Laga hefur þurft námið við læknadeild Háskóla Íslands að breyttum veruleika vegna kórónu-faraldursins COVID-19. Viðtal Læknablaðsins við þau Þórdísi og Engilbert fór fram í gegnum fundaforritið Zoom. Mynd/gag

um háskólum, jafnvel bestu háskólum í heimi. „Kennarinn væri þá meira í að leiðbeina í verklegu og taka þátt í umræðutímum.“ Hann segir ljóst að margar dyr opnast með rafrænni kennslu auk þess sem kolefnissporið minnki og tíma-stjórnunin batni.

„Þannig að sveigjanleikinn er kominn til að vera,“ segir hann en viðurkennir að rafræna fyrirkomulagið sé þó á köflum einmanalegt og mikilvægt að blanda saman því rafræna og hefðbundnum samskiptum. „Við munum áfram sækjast eftir því að vera innan um annað fólk, sérstaklega í litlum hópum. Það getur ekkert komið fyllilega í staðinn fyrir það.“

Engilbert segir aðgang læknanema að klínísku kennslu efni orðinn gríðarlega mikinn. „Það eru ekki bara bækur sem lýsa tilfellum heldur er hægt að fá rafrænar bækur, hægt að kaupa aðgang að rafrænum gagnagrunnum. Nema í dag hafa ótrúlega fjölbreytt tækifæri til að til-einka sér þekkingu. En svo er það alltaf spurning hvernig þeim tekst að yfirfæra þekkinguna í færni.“

Úr skólastofunum á netið á einni helgi

Formaður Félags læknanema segir nema lengi hafa barist fyrir fjölbreyttum kennsluháttum. Eingöngu rafrænt sé þó aðeins of mikið af því góða.

„Þetta gerðist allt svo hratt. Allt í einu var búið að setja á samkomubann og fella niður hefðbundna kennslu,“ segir Sólveig Bjarnadóttir, formaður Félags læknanema og 5. árs nemi í læknisfræði.

„Heill bekkur af læknanemum var settur í sóttkví og teknir voru upp rafrænir kennsluhættir á nánast einni helgi. Við læknanemar höfum lengi talað fyrir fjölbreyttum kennsluáferðum. Við vissum að það þyrfti áttak til en það er magnað hvað þetta hefur gengið hratt fyrir sig. Ég tel þó að enginn hafi óskað þess að vera á Zoom-fyrirlestrum allan daginn,“ segir Sólveig og hlær.

„Ég get ekki beðið eftir því að mæta í almenna kennslu. Við höfum lært að meta upp á nýtt gæði þess að hafa kennara fyrir framan sig og nemendur við hliðina á sér.“

Hún segir að gera hafi þurft töluverðar breytingar á verknáminu. Önnur starfsemi spítalans en sú sem tengist kórónuveirunni sé minni, göngudeildarþjónusta í lágmarki og fáar skurðaðgerðir.

„Margt annað hefur þó komið í staðinn. Gerður hefur verið samningur milli lífeindafræðinga og 4. árs nema um blóðtökur.“ Nemarnir hafi fengið kennslu frá lífeindafræðingum og aðstoði nú við morgunblóðtökur á legudeildum. „Mikil ánægja hefur verið með þetta fyrirkomulag.“ Þá hafi nemendur sem skráðu sig í bakvarðasveitina verið kallaðir í gagnaöflun og nemendur á heilbrigðisvísindasviði starfað í rakningarteyminu.

„Læknanemar hafa allir lært mikilvægi sóttvarna og hlífðarbúnaðar á þessum vikum. Það hefur verið mjög lærdómsríkt að standa í miðjum heimsfaraldri.“

Hún segir könnun sem Stúdentaráð gerði sýna kvíða hjá háskólanemum. „Óvissa er mikil og álag vegna nýrra aðstæðna. Ég myndi segja að allir hafi ver-



Sólveig Bjarnadóttir er formaður Félags læknanema.

id ótrúlega polinmóðir og sveigjanlegir við að leysa hlutina. Við höfum einnig átt mjög gott samstarf við læknadeild í að aðlaga námið. Þetta hefur gengið vel.“ Hún sakni þó bekkjarfélaganna og félagslífsins sem sé úr skorðum.

„Árshátíðinni hefur verið frestað sem og öðrum viðburðum. Það er krefjandi að vera heima allan daginn og vera í fyrirlestrum á Zoom,“ segir hún og sér fram á að best verði að blanda raun- og rafrænum heimum í framtíðinni.